

Viðtal við Sigríði G. Arnardóttur deildarstjóra um starfsbraut í **Fjölbrautaskóla Snæfellinga**.

Viðtalið birtist í Þroskaþjálfanum 1.tb. ÁRG. 2025.

Markmið starfsbrautar FSN er að nemendur kynnist námi og starfi við hæfi, fái tækifæri til að auka við þekkingu sína og færni. Þessir þættir stuðla að auknu sjálfstæði og auðveldar nemendum að takast á við atvinnu og viðfangsefni daglegs lífs í nútíma samfélagi. Starfsbraut er ætluð nemendum sem hafa verið í námsverum eða í sérdeildum grunnskóla og hafa viðurkennd greiningargögn til að komast inn á brautina. Unnið er út frá styrkleikum hvers og eins og áhersla er á eflingu sjálfsmýndar og sjálfstrausts nemenda (Fjölbrautaskóli Snæfellinga, e.d.).

Samkvæmt upplýsingum frá Sigríði Guðbjörgu (Sirrý) deildarstjóra starfsbrautar eru aðeins tveir nemendur skráðir á brautina þetta skólaári og er Sirrý kennarinn þeirra en hún er menntaður bæði sem þroskaþjálfari og sérkennari. Auk hennar kemur einn kennari inn á braut og kennir þar íslensku. Þegar brautin var stærst samanstóð hún af 10 nemendum. Nám á brautinni er aðallega byggt upp sem bóklegt nám en reynt er eftir fremsta megni að bjóða uppá verklega áfanga. Áhersla er lögð á að styrkja náms- starfs- og félagslega stöðu nemenda ásamt samskiptahæfni og uppbyggingu á sjálfstrausti. Aðspurð um áherslur á starfsbrautinni segir Sirrý „markmið starfsbrautar er að nemendur kynnist námi og starfi við hæfi, fái tækifæri til að auka við þekkingu sína og færni. Þessir þættir stuðla að auknu sjálfstæði og auðveldar nemendum að takast á við atvinnu og viðfangsefni daglegs lífs í nútíma samfélagi“. Unnið er út frá styrkleikum hvers og eins og „lögð er áhersla á að efla sjálfsmýnd nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers einstaklings“. Þörf á stuðningi, innan sem utan kennslustunda, er metin eftir hverjum nemanda fyrir sig og útfærð í samræmi við það. Hugmyndafræði og markmið með námi á starfsbraut sé að styrkja einstaklingin félagslega, styrkja sjálfstraust hans og tryggja góða sjálfsímynd og „að nemendur upplifi að þeir séu hluti af skólasamfélaginu er mjög mikilvægt“. Sirrý segir einnig að „að námi loknu eigi nemendur að hafa fengið almennan undirbúning fyrir lífið og í grunnþáttum menntunar“. Þannig fari flest allir nemendur starfsbrautar í starfsnám hvort sem er í skólanum eða út á vinnumarkaðnum. Í starfsnámi í skóla er lögð áhersla á að kenna nemendum t.d. að lesa úr launaseðlum, fræða um stéttarfélög o.fl. Lagt er upp með að nemendur fari í heimsókn á vinnustaði og fái starfsþjálfun úti á vinnumarkaðnum. Mismunandi er eftir hverjum einstaklingi hvert þeir fara, hvort þeir þurfi stuðning, hve lengi og hve oft í viku þeir fá starfsnám. Flestir útskrifaðir nemendur

brautarinnar hafa farið að vinna á vinnustöðum fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu þar sem unnin eru margvísleg störf og oft í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu, nokkrir hafa farið í hlutastörf á almennum vinnumarkaði s.s. í matvöruverslanir o.fl. (Sigríður Guðbjörg Arnardóttir, munnleg heimild, 11. febrúar 2025).

(<https://designrr.page/?id=431329&token=1085982377&type=FP&h=2814>)